

**228. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
mánudaginn 20. nóvember 2023 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson aðalmaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Daniel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja, Guðrún Hjörleifsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Gíslína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Guðný Birna Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Jónas Kári Eiríksson áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Elsa Lára Arnardóttir varaáheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Vilborg Guðný Valgeirs dóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2309169 - Tómstundaframlag - nýting 2022

Fram kemur í samantekt um nýtingu tómstundaframlags árið 2022 að 76% barna og ungmenna á aldrinum 6-18 ára nýttu tómstundaframlagið. Í aldurshópnum 6-12 ára var nýtingin rúmlega 90% en tæplega 60% í aldurshópnum 13-18 ára.

Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að tómstundaframlag fyrir börn 6-18 ára taki mið af hækjunum á almennum þjónustugjaldskrám sveitarfélagsins þ.e. að framlagið verði hækkað um 7% fyrir árið 2024.

Ráðið gerir það jafnframt að tillögu sinni að settur verði á stofn sérstakur vinnuhópur skipaður fulltrúum íþróttafélaga, framkvæmdarstjóra ÍA, fulltrúum foreldra, fulltrúum tónlistarskólans og fulltrúum ungmannaráðs ásamt pólitískum fulltrúum og embættismönnum skóla- og frístundasviðs. Hlutverk og verkefni hópsins er að rýna fyrirkomulag og nýtingu tómstundaframlagsins og leggja fram tillögur að hækjun og/eða breytingum á fyrirkomulagi til hagsbóta fyrir börn, ungmanni og fjölskyldur þeirra. Skóla- og frístundaráð leggur til að vinnuhópurinn taki til starfa strax á nýju ári.

2. 2307091 - Málefni leikskólastigsins 2023

Áheyrnarfulltrúar leikskólanna; Guðný Birna Ólafsdóttir og Jónas Kári Eiríksson sitja fundinn undir þessum lið ásamt Anney Ágústsdóttur, Ingunni Ríkharðsdóttur, Írisi Sigurðardóttir og Vilborgu Valgeirs dóttur leikskólastjórum.

Útlit er fyrir að í lok janúar 2024 hafi gengið verulega á laus pláss í leikskólum Akraneskaupstaðar miðað við ráðgerðan fjölda barna í reiknilíkönnum leikskólana. Vilji skóla- og frístundaráðs er að hugað verði af alvöru að stækkanarmöguleikum eða annarskonar viðbrögðum svo leikskólaplássum fjölgi í takt við íbúapróun í bæjarfélagini. Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að vísa málínu og uppfærðri skýrslu starfshóps um framtíðarþörf leikskólapláss til skipulags- og umhverfissráðs. Ráðið leggur áherslu á mikilvægi þess að ráðist verði í kostnaðargreiningar og frumhönnun eins fljótt og auðið er.

Leikskólastjórar og áheyrnarfulltrúar leikskólanna víkja af fundi.

3. 2311296 - Endurbætur 1.hæð - tímalína framkvæmda

Alfreð Þ. Alfreðsson rekstrarstjóri fór yfir framlagða verk- og tímaáætlun framkvæmda á endurbótum 1. hæðar í Brekkubæjarskóla.

Áheyrnarfulltrúar Brekkubæjarskóla; Elsa Lára Arnardóttir, Guðrún Hjörleifsdóttir og G. Erna Valentínusardóttir sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar Alfreð fyrir yfirferðina og áheyrnarfulltrúum fyrir gott samtal. Samkvæmt framlagðri verk- og tímaáætlun verður framkvæmdinni skipt í tvo áfanga og verður að fullu lokið í desember 2025.

Áfangaskiptingin er sem hér segir:

Áfangi 1. Kennslueldhús, tónlistarstofa, stoðbjónusturými/hjúkrun, uppsteypa á anddyri.

Áfangi 2. Anddyri innréttning, smíðastofa, listgreinar, seturstofa, mótneyti.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við kennslueldhús hefjist í desember 2023.

4. 2309022 - Íþróttahúsið Vesturgötu - loftgæði

Alfreð Þ. Alfreðsson rekstrarstjóri fór yfir framlagða verk- og tímaáætlun endurbóta á íþróttahúsinu á Vesturgötu.

Áheyrnarfulltrúar Brekkubæjarskóla; Elsa Lára Arnardóttir, Guðrún Hjörleifsdóttir og G. Erna Valentínusardóttir sitja fundinn undir þessum lið ásamt Daníel Sigurðssyni Glad forstöðumanni íþróttamannvirkja og Guðmundu Ólafsdóttur framkvæmdarstjóra ÍA.

Skóla- og frístundaráð þakkar Alfreð fyrir yfirferðina og áheyrnarfulltrúum fyrir gott samtal. Niðurrif er hafið í sal íþróttahússins og gengur vel. Samkvæmt framlagðri verk- og tímaáætlun verður íþróttasalurinn tilbúinn til kennslu í byrjun skólaárs 2024.

Áheyrnarfulltrúar Brekkubæjarskóla víkja af fundi.

5. 2311295 - Erindi vegna húsnæðismála - Hnefaleikafélag Akraness

Erindi frá Hnefaleikafélagi Akraness.

Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja og Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri ÍA sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir erindið og lýsir yfir ánægju með gróskumikið starf hjá Hnefaleikafélagini og fjölgun iðkenda. Ráðið felur sviðsstjóra að kanna og meta þá húsnæðismöguleika sem Akraneskaupstaður getur boðið félagini.

6. 2311273 - Keilufélag Akraness - húsnæðismál

Erindi frá Keilufélagi Akraness.

Áræll Rafn Erlingsson og Guðmundur Sigurðsson fulltrúar Keilufélags Akraness sitja fundinn undir þessum lið ásamt Daníel Sigurðssyni Glad forstöðumanni íþróttamannvirkja og Guðmundu Ólafsdóttir framkvæmdarstjóra ÍA.

Skóla- og frístundaráð þakkar fulltrúum Keilufélags Akraness fyrir gott samtal um möguleikann á að flýta framkvæmdum við endurbætur á keilusalnum. Í ljósi þess að keilusalurinn er sér brunahólf og auðvelt að einangra frá öðrum rýmum hússins óskar Keilufélag Akraness eftir því að keilusalurinn verði meðhöndlaður sem stök framkvæmd og bíður fram krafta sína við niðurrif og uppbyggingu til að flýta

leikskólaplássum ásamt því að hugað verði að nýju leikskólahúsnæði á neðri Skaga.

Vilborg og Guðný Birna víkja af fundi.

8. 2312019 - Teigasel - skýrsla Verkís nóvember 2023

Úttekt verkfræðistofunnar Verkís á húsnæði leikskólans Teigasels frá því í nóvember 2023.

Skóla- og frístundaráð fagnar því að niðurstöður úttektar Verkís á húsnæði Teigasels hafi leitt í ljós að ekki er þörf á umfangsmiklum úrbótum á húsnæðinu til að bæta loftgæði í húsinu.

Samantekt niðurstaðna er sem hér segir:

1. Engar rakaskemmdir sáust á byggingarefnum í skoðuninni.
2. Sýnataka sýndi engar óeðlilegar niðurstöður.
3. Mjög mikil rykálag var í byggingunni og er bil á milli heraklithplatna hugsanlega hluta-orsakavalður.
4. Há CO₂ gildi mældust og nauðsynlegt að lækka þau með aukinni loftun og lofræsingu.

Fyrirhugaðar útbætur munu ekki koma til með að raska leikskólastarfseminni en þær eru eftirfarandi: Loftaplötur og yfirborðsfletir verða þrifnir í desember til að draga úr ryká lagi, auk þess sem silicone verður sett í samskeyti loftaplatna. Jafnframt er unnið að frekari lausnum varðandi lofræsingu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:30.

*Finn Þór Þorvaldsson
Finnur Brændsson
Jónína Margrét Sigmundsdóttir*